



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Borgartún 21
105 Reykjavík

Dagsetning 25. mars 2026
Málsnúmer FOR26020168

Stækkun Sigöldustöðvar um eina vél – viðbótarskýrsla.

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar frá 16. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um viðbótarskýrslu vegna stækkunar á Sigöldustöð um eina vél.

Landsvirkjun (LV) áformar að stækka Sigöldustöðstöð með því að bæta við fjórðu aflvélinni og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Auk þess verður stöðvarhús stækkað um 15 m og frárennslisskurður breikkaður næst stöðvarhúsi.

Sigöldustöð er í Ásahreppi og Rangárþingi ytra á Holtamannaafretti sem er þjóðlenda skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2003.

Stækkun Sigöldustöðvar er í samræmi við Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032 en þar er gert ráð fyrir mannvirkjum Sigöldustöðvar og aflaukningu. Sigöldustöð er jafnframt í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 en þar er gert ráð fyrir mannvirkjum hennar.

Í september 2021, gerðu forsætisráðuneytið og Landsvirkjun samning sín á milli um endurgjald vegna nýtingar Landsvirkjunar á vatns- og landsréttindum á Þjórsársvæði innan þjóðlendna. Samkvæmt samningunum greiðir Landsvirkjun íslenska ríkinu árlegt gjald í 65 ár (frá 1. janúar 2017 að telja). Jafnframt er gert ráð fyrir endurskoðun gjaldsins að þeim tíma liðnum. Þá greiðir Landsvirkjun einnig fyrir nýtingu réttinda frá gildistöku laga nr. 58/1998, og fram til ársloka 2016. Stækkun Sigöldustöðvar um eina vél samræmist því sem samið var um árið 2021, að mati forsætisráðuneytisins. Greitt er árlega fyrir 979 GWh orkuframleiðslu Sigöldustöðvar og fyrir 19 km² land undir mannvirki og inntakslón, sem nánar er skilgreint í samningum frá 2021.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifnum framkvæmdarinnar lá fyrir hinn 18. desember 2023. Taldi stofnunin að umhverfismatsskýrslan sem Landsvirkjun sendi vegna þessa, uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Hinn 4. júní 2024 veitti forsætisráðuneytið leyfi fyrir stækkun Sigöldustöðvar um eina vél.

Þegar niðurstaða úr matsferlinu lá fyrir, sótti Landsvirkjun um framkvæmdaleyfi til Ásahrepps. Hinn 19. febrúar 2025, veitti sveitarfélagið umbeðið leyfi fyrir stækkun stöðvarinnar.

Framkvæmdaleyfi hreppsnefndar Ásahrepps var kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála hinn 7. apríl 2025, þar sem þess var krafist að ákvörðun um veitingu leyfisins yrði felld úr gildi. Hinn 20. nóvember 2025, kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) upp þann úrskurð, að fella úr gildi ákvörðun hreppsnefndar

Ásahrepps frá 19. febrúar 2025 um að veita framkvæmdaleyfi fyrir stækkun Sigöldustöðvar.

Landsvirkjun leitaði eftir afstöðu Skipulagsstofnunar til framangreinds úrskurðar ÚUA vegna útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir stækkun Sigöldustöðvar og leiðbeininga um næstu skref. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að leggja til að unnin yrði viðbót við umhverfismatsskýrsluna, sem er sú skýrsla sem óskað er umsagnar um.

Ákvörðun hreppsnefndar Ásahrepps, um að veita framkvæmdaleyfi fyrir stækkun Sigöldustöðvar, var eins og fyrr segir kærð þann 7. apríl 2025, af náttúruverndarsamtökunum Náttúrugrið. Málsrök kæranda voru m.a. þau að hin kærða ákvörðun uppfylli hvorki ákvæði laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 né 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Til umsagnar er því viðbótarskýrsla við umhverfismat vegna áforma LV um að stækka Sigölduvirkjun um eina vél, sem gerð er eftir leiðbeiningum sem komu frá Skipulagsstofnun á sínum tíma.

Í umsagnarferlinu við fyrri umhverfismatsskýrsluna frá 2023, fékk Landsvirkjun Hafrannsóknastofnun, að beiðni Umhverfisstofnunar, til að setja saman umsögn um vatnshlot á áhrifasvæði Sigöldustöðvar þar sem vatnshlotin höfðu ekki verið ástandsflokkuð og að vistfræðilegt ástand þeirra væri óþekkt. Í kjölfarið útbjó Hafrannsóknastofnun greinargerð þar sem fram kemur að vatnshlotin hafi öll orðið fyrir umtalsverðum vatnsformfræðilegum breytingum og væru ólíkleg til að ná góðu vistfræðilegu ástandi. Umhverfisstofnun gerði ekki athugasemdir við þetta áhrifamat.

Eins og komið hefur fram gagnrýndu náttúruverndarsamtökin Náttúrugrið þetta minnisblað Hafrannsóknastofnunar, meðal annars þar sem það hafi ekkert formlegt gildi. Þá er m.a. bent á, að þar sem minnisblað Hafrannsóknastofnunar hafi ekki komið fram fyrr en rétt áður en álit Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrslu stækkunar Sigöldustöðvar hafi legið fyrir, hafi það ekki verið kynnt almenningi í lögbundinni þátttöku samkvæmt lögum nr. 111/2021. Þessi viðbót við umhverfismatsskýrsluna, sem kynnt er á vef Skipulagsgáttarinnar, er auglýst opinberlega og kynnt í 6 vikur þar sem almenningur og aðrir opinberir aðilar geta sent inn umsagnir.

Nýtt uppfært áhrifamat Hafrannsóknastofnunar, sem unnið var í samræmi við leiðbeiningar sem ekki lágu fyrir við gerð fyrra áhrifamats, fylgir með. Með því telur LV að brugðist hafi verið við þeim annmörkum sem kærandi, Náttúrugrið benti á, með því að skilgreina vatnshlotin sem manngerð eða mikið breytt í opinberu ferli Umhverfis- og orkustofnunar, með áhrifamati Hafrannsóknastofnunar á þessi vatnshlot og með því að kynna niðurstöður almenningi í lögbundinni þátttöku.

Í uppfærðu áliti Hafró (frá 21.01.26), sem LV lét gera, kemur fram að „Það er álit Hafrannsóknastofnunar að stækkun Sigölduvirkjunar muni ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á lífríki, eðlisefnafræði og vatnsformfræðilega gæðapætti í Krókslóni, Hrauneyjalóni, Tungnaá 3 eða Veituskurði Sigölduvirkjunar umfram það sem þegar hefur orðið. Vatnshlotin eru í opinberu ferli sem miðar að því skilgreina þau sem manngerð eða mikið breytt vatnshlot vegna mikilla áhrifa af vatnsformfræðilegum breytingum vegna virkjana sem þegar eru á svæðinu²². Stækkun Sigöldu mun hafa minniháttar viðbótaráhrif á umrædd vatnshlot.“ Undirritað af Guðna Guðbergssyni.

Forsætisráðuneytið gerir ekki athugasemdir við viðbótarskýrslu vegna stækkunar Sigöldustöðvar um eina vél. Ráðuneytið gerir kröfu um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag.

Fyrir hönd ráðherra, eftir umboði

Regína Sigurðardóttir



Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. mars 2026

Málsnúmer: 202602-0052

IAS

Efni: Stækkun Sigöldustöðvar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 16. febrúar 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um viðbót við umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar Sigöldustöðvar.

Landsvirkjun hefur lagt fram til kynningar og samráðs viðbót við fyrri umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar Sigölduvirkjunar. Í skýrslunni er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot.

Fyrirtækið er með áform um að stækka Sigöldustöð, sem er efst þeirra vatnsaflsstöðva sem nýta vatn af vatnasviði Tugnaár og Þjórsár. Í dag er virkjað rennsli 240 m³/s og uppsett afl Sigöldustöðvar með þremur aflvélum 150 MW. Fyrirhuguð áform ganga út á að bæta við fjórðu aflvélinni og auka með því afls stöðvarinnar í allt að 215 MW.

Fyrirhuguð stækkun á Sigöldustöð undirgekkst umhverfismat sem lauk með álit Skipulagsstofnunar 18. desember 2023. Ásahreppur veitti framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni 19. febrúar 2025 sem síðar var fellt úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 57/2025. Samkvæmt úrskurðinum var annmarki á umhverfismati framkvæmdarinnar hvað varðar mat og kynningu á áhrifum á vatnshlot. Viðbótarskýrslunni og samráði um hana er ætlað að bæta úr framangreindum annmarka.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér viðbótarskýrsluna og gerir ekki athugasemdir við uppfært mat Hafrannsóknarstofnunar á áhrifum stækkunarinnar á vatnshlot og tekur undir þá niðurstöðu framkvæmdaraðila að stækkunin mun ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á lífríki, eðlisefnafræði og vatnsformfræðilega gæðabætti á vatnshlotin Krókslón, Hrauneyjalón, Veituleið Sigölduvirkjunar og Tungnaá 3 umfram það sem þegar hefur orðið.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Málsnr. 2026-02-0131

Hafnarfjörður 4.3.2026

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu fyrir stækkun Sigöldustöðvar allt að 65 MW - Viðbótarskýrsla.

Í tölvubréfi Skipulagsstofnunar dagsettu 16. 2. 2026 er þess óskað að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW - Viðbótarskýrsla, nr. 0196/2026: Kynning umhverfismatsskýrslu (Mat á umhverfisáhrifum).

Landsvirkjun hyggst stækka Sigöldustöð um allt að 65 MW með því að bæta við nýrri vél en upprunaleg hönnun virkjunar gerði ráð fyrir þeim möguelika.

Hafrannsóknastofnun sendi inn umsögn um umhverfismatsskýrslu á fyrri stigum verkefnisins (25.09.23) og er sú umsögn í fullu gildi.

Að öðru leiti gerir Hafrannsóknastofnun ekki athugasemdir við þessa viðbót við umhverfismatsskýrslu og telur að flest þau áhrif sem um ræði séu nú þegar kominn fram.

F. h. Hafrannsóknastofnunar



Sveinn Kári Valdimarsson



Rangárþing ytra
Skipulagsfulltrúi

Skipulagsstofnun
Borgartún 21
105 Reykjavík

Hellu, 19. mars 2026
2212059 HBH

UMSÖGN

um viðbót við fyrri umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar Sigölduvirkjunar skv. lögum nr. 111/2021.

Landsvirkjun hefur lagt fram til kynningar og samráðs viðbót við fyrri umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar Sigölduvirkjunar. Í skýrslunni er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot.

Fyrirtækið er með áform um að stækka Sigöldustöð, sem er efst þeirra vatnsaflsstöðva sem nýta vatn af vatnasviði Tugnaár og Þjórsár. Í dag er virkjað rennsli 240 m³/s og uppsett afl Sigöldustöðvar með þremur aflvélum 150 MW. Fyrirhuguð áform ganga út á að bæta við fjórðu aflvélinni og auka með því afls stöðvarinnar í allt að 215 MW. Fyrirhuguð stækkun á Sigöldustöð undirgekkst umhverfismat sem lauk með álit Skipulagsstofnunar 18. desember 2023. Ásahreppur veitti framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni 19. febrúar 2025 sem síðar var felld úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 57/2025. Samkvæmt úrskurðinum var annmarki á umhverfismati framkvæmdarinnar hvað varðar mat og kynningu á áhrifum á vatnshlot. Viðbótarskýrslunni og samráði um hana er ætlað að bæta úr framangreindum annmarka.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er framkvæmdin til þess fallin að hafa áhrif á m.a. Krókslón, Hrauneyjarlón og Tungnaá, sem liggja yfir sveitarfélagamörk Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Varðandi vatnshlotið **Krókslón** (103-2447-L) er í viðbót umhverfismatsskýrslunnar ekki talið að stækkun stöðvarinnar og lítilsháttar vatnsformfræðilegar breytingar muni valda frekara álagi á fisk umfram það sem orðið er með tilliti til líffræðilegra gæðabáttar og ekki sé búist við áhrifum á eðlisefnafræðilega gæðabætti. Krókslón hafi þegar orðið fyrir umfangsmiklum vatnsformfræðilegum breytingum vegna vatnsaflsvirkjana og sé í opinberu ferli sem miði að því að skilgreina vatnshlotið sem mikið breytt. Lónið hafi orðið til þegar farvegur Tungnaár hafi verið stíflaður við Sigöldu og straumvatnið breyst í stöðuvatn sem sé inntakslón Siguöldustöðvar frá

árinu 1978. Í dag sé virkjað rennsli 240 m³/s en við stækkun virkjunarinnar muni virkjað rennsli aukast um 120 m³/s, eða um 50%. Þetta muni valda lítilsháttar breytingum á vatnsformfræðilegum gæðum umfram það sem orðið er, einkum í ljósi þess að aukningin sé aðeins möguleg í fáar klukkustundir í senn, viðstöðutími stýttist lítillaga og óverulegar breytingar verði á vatnshæð. Einnig kemur fram að ekki sé búist við áhrifum af stækkuninni á efnafræðilega gæðapætti en **gæta þurfi að mótvægisáðgerðum á framkvæmdatíma með tilliti til mengunarvarna.**

Varðandi vatnshlotið **Hrauneyjalón** (103-2135-L) kemur fram í viðbótinni að ekki sé talið að stækkunin og lítils háttar vatnsformfræðilegar breytingar í lóninu muni valda frekara álagi á fisk umfram það sem orðið er varðandi áhrif á líffræðilega gæðapætti. Ekki sé búist við áhrifum af fyrirhugaðri stækkun á eðlisefnafræðilega gæðapætti lónsins. Lónið hafi þegar orðið fyrir umfangsmiklum vatnsformfræðilegum breytingum vegna vatnsaflsvirkjana og sé í opinberu ferli sem miði að því að það verði skilgreint sem mikið breytt vatnshlot. Lónið hafi orðið til þegar farvegur Tungnaár var stíflaður við Hrauneyjafoss og straumvatnið breyst í stöðuvatn sem sé inntakslón Hrauneyjafossstöðvar frá árinu 1981. Stækkunin muni valda lítils háttar breytingum á vatnsformfræðilegum gæðapáttum vatnshlotsins umfram það sem orðið er, með tilliti til aukins rennslishraða um lónið tímabundið á meðan aflstöðin sé keyrð til að mæta aukinni raforkuþörf, en það sé aðeins hægt í fáar klukkustundir í senn. Ekki sé búist við miklum breytingum á vatnshæð eða á öðrum vatnsformfræðilegum gæðapáttum í vatnshlotinu af þeim sökum. Ekki sé heldur búist við áhrifum stækkunarinnar á efnafræðilega gæðapætti, en **gæta þurfi að mótvægisáðgerðum á framkvæmdatíma með tilliti til mengunarvarna.**

Í viðbót framkvæmdaraðila við umhverfismatsskýrsluna kemur einnig fram að ekki sé búist við því að stækkun Sigöldustöðvar muni hafa veruleg áhrif á lífríki eða vatnsformfræði í Krókslóni og Hrauneyjalóni umfram það sem orðið er og mjög ólíklegt sé að framkvæmdin muni hafa áhrif á eðlisefnafræði í vatnshlotunum og muni þannig þrátt fyrir framkvæmdirnar ná umhverfismarkmiðum fyrir vistfræðilegt ástand vatnshlotanna að teknu tilliti til þess að þau verði skilgreind sem mikið breytt vatnshlot og hafi þannig markmið um gott vistmegin en ekki gott vistfræðilegt ástand. Ekki sé búist við því að stækkunin hafi áhrif á styrk mengandi efna í vatnshlotunum **að því gefnu að mengunarvarna sé gætt á framkvæmda- og rekstrartíma** og muni þannig ná umhverfismarkmiðum fyrir efnafræðilegt ástand vatnshlotsins þrátt fyrir framkvæmdirnar.

Í fyrirbyggjandi viðbót umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila er tilgreint að vatnshlotið **Tungnaá** (103-973-R) sé yfirfallsfarvegur fyrir Krókslón og þar rennur jökulvatn þegar rennsli Tungnaár er mikið (leysingar að vori eða jökulbráð síðsumars). Á framkvæmdatíma verði lækkað í Krókslóni með því að hleypa vatni niður þennan farveg, en það sé líkt og almennt sé gert á nokkurra ára fresti vegna stíflueftirlits og viðhalds. Snöggar rennslisbreytingar geti haft neikvæð áhrif á líffræðilega gæðapætti en rennslisbreytingar í mikið breyttum vatnshlotum séu hinsvegar einnig mikilvægar til að hreinsa farveginn af lífrænu og ólífrænu efni sem safnist upp við lágt, stöðugt rennsli sem þar sé ríkjandi. Núverandi nýting farvegarins fyrir yfirfall úr farvegi sé ekki frábrugðin því sem búast megi við á framkvæmdatíma vegna stækkunarinnar. Ekki sé búist við áhrifum af stækkuninni á eðlisefnafræðilega gæðapætti. Það sama eigi við um vatnsformfræðilega gæðapætti, en tekið fram að **gæta þurfi að mótvægisáðgerðum á framkvæmdatíma með tilliti til**

mengunarvarna. Ekki sé búist við áhrifum á efnafræðilega gæðapætti en **gæta þurfi að mótvægisáðgerðum á framkvæmdatíma með tilliti til mengunarvarna í því tilliti einnig.** Ekki sé búist við því að vatnshlotið geti fóstorað mikið lífríki frekar en önnur vatnshlot af þessu tagi, en það sé skilgreint sem manngert vatnshlot og hafi því umhverfismarkmið um gott vistmegin en ekki gott vistfræðilegt ástand. Möguleikar lífríkis séu mjög takmarkaðir og ekki búist við að framkvæmdir við stækkun stöðvarinnar muni hafa áhrif á lífríki umfram það sem orðið er.

Þrátt fyrir framangreint kemur fram í fyrirbyggjandi viðbót við umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila að ekki sé gert ráð fyrir sérstökum mótvægisáðgerðum vegna áhrifa framkvæmdarinnar á vatnalífriki. **Sveitarfélagið bendir því á að þörf er á að útfæra mótvægisáðgerðir á framkvæmda- og rekstrartíma stækkunar Sigöldustöðvar, einkum vegna mengunarvarna,** til þess að tryggja megi að vatnshlotin nái umhverfismarkmiðum sínum þrátt fyrir framkvæmdirnar.

Sveitarfélagið vill jafnframt benda á að það telur tilefni til nánari könnunar á því hvort framkvæmdirnar þarfnist útgefins framkvæmdaleyfis á vegum beggja sveitarfélaga, en ekki einvörðungu Ásahrepps og þá einkum í ljósi þess að framangreind lón og árfarvegur, sem bæði verða að einhverju leyti fyrir breytingum vegna stækkunarinnar til framtíðar og eru jafnframt nýtt til framkvæmdar stækkunarinnar upp að vissu marki, svo sem með lækkun vatnsyfirborðs og yfirfallsnýtingu á meðan á framkvæmdum stendur, eru staðsett innan marka beggja sveitarfélaga.

Sveitarfélagið gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi viðbót við fyrri umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar Sigölduvirkjunar skv. lögum nr. 111/2021.

Skipulagsfulltrúinn í Rangárbíngi ytra



Haraldur Birgir Haraldsson

Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun
b.t. Egils Þórarinssonar
Borgartúni 21, 105 Reykjavík

19. maí 2026, Reykjavík
UOS-4060/E.S.F.

Umsögn - Umhverfismatsskýrsla – Stækkun Sigölduvirkjunar um allt að 65 MW - Viðbótarskýrsla

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 16. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Í þessari viðbótarskýrslu vegna fyrirhugaðrar stækkunar Sigölduvirkjunar er aðalefnið umfjöllun um vatnshlot þar sem sú umfjöllun þótti ófullnægjandi í fyrri umhverfismatsskýrslu vegna framkvæmdarinnar frá árinu 2023. Fram kemur í skýrslunni að Landsvirkjun áformi stækkun Sigöldustöðvar, sem er efst þeirra vatnsaflstöðva sem nýta vatn af vatnasviði Tungnaár og Þjórsár. Í dag er virkjað rennsli 240 m³/s og uppsett afl Sigöldustöðvar er 150 MW. Áform Landsvirkjunar felast í því að bæta við fjórðu vélinni og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Tilgangurinn með fyrirhugaðri stækkun Sigöldustöðvar er að auka afl í raforkukerfinu og skapa þannig aukinn sveigjanleika í orkuafhengingu og gera fyrirtækinu kleift að mæta afltoppum þegar eftirspurn er í hámarki.

Umfjöllun Umhverfis- og orkustofnunar

Samkvæmt áhrifamati á vatnshlot sem Hafrannsóknastofnun gerði (dags. 21. janúar 2026) verða eftirfarandi vatnshlot fyrir áhrifum vegna stækkunar Sigölduvirkjunar: Krókslón (nr. 103-2447-L), Hrauneyjalón (nr. 103-2135-L), Veituleið Sigölduvirkjunar (nr. 103-970-R) og Tungnaá 3 (nr. 103-973-R).

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að vatnshlotin Krókslón, Hrauneyjalón og Tungnaá 3 hafa öll verið skilgreind sem mikið breytt vatnshlot og vatnshlotið Veituleið Sigölduvirkjunar hefur verið skilgreint sem manngert vatnshlot skv. 13. gr. laga nr. 36/2011. Slíkt var gert með [opinberri birtingu](#)¹ Umhverfis- og orkustofnunar dags. 13. maí 2026. Umhverfismarkmið allra vatnshlotanna er að hafa gott vistmegin.

Niðurstöður áhrifamatsins eru settar fram í töflum 2-9. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að meta skuli niðurstöðurnar í ljósi skilgreiningar vatnshlotanna sem mikið breytt eða manngerð þar sem umhverfismarkmið þeirra séu gott vistmegin. Niðurstöður áhrifamats Hafrannsóknastofnunar eru skrifaðar í því samhengi.

¹ 51 vatnshlot skilgreind sem manngerð eða mikið breytt: <https://uos.is/opinber-birting/51-vatnshlot-stadfest-sem-manngerd-eda-mikid-breytt>

Í skrefi 3 í áhrifamatinu segir varðandi Krókslón (tafla 3) og Hrauneyjalón (tafla 5) að ekki sé búist við því að stækkun Sigöldustöðvar muni hafa veruleg áhrif á lífríki eða vatnsformfræði umfram það sem orðið er. Mjög ólíklegt er að framkvæmdin muni hafa áhrif á eðlisefnafræði í vatnshlotunum.

Varðandi umfjöllun um áhrif á vatnshlotin Veituleið Sigölduvirkjunar og Tungnaá 3 bendir Umhverfis- og orkustofnun á að það þarf að leiðrétta texta í töflum 7 og 9 í áhrifamatinu við spurninguna „*Mun vatnshlot ná umhverfismarkmiðum fyrir vistfræðilegt ástand þrátt fyrir framkvæmdir?*”

Í töflu 7 (veituleið Sigölduvirkjunar) kemur fram að „*Já - vatnshlotið er í opinberu ferli sem miðar að því skilgreina það sem manngert vatnshlot og mun að því loknu hafa umhverfismarkmið um gott vistmegin (en ekki gott vistfræðilegt ástand).*” Umhverfis- og orkustofnun bendir á að vatnshlotið veituleið Sigölduvirkjunar hefur verið skilgreint sem manngert vatnshlot (sbr. auglýsingu 13. maí sl.) með umhverfismarkmiðið gott vistmegin. Jafnframt kemur fram „*Ekki er búist við því að stækkun Sigölduvirkjunar muni hafa veruleg áhrif á lífríki eða vatnsformfræði umfram það sem orðið er. Mjög ólíklegt er að framkvæmdin muni hafa áhrif á eðlisefnafræði í vatnshlotinu.*” Þessi texti virðist eiga við vatnshlotið Tungnaá 3.

Í töflu 9 (Tungnaá 3) kemur fram: „*Já - vatnshlotið er hins vegar skilgreint sem manngert vatnshlot og hefur því umhverfismarkmið um gott vistmegin (en ekki gott vistfræðilegt ástand).*” Umhverfis- og orkustofnun bendir á að vatnshlotið Tungnaá 3 hefur verið skilgreint sem mikið breytt vatnshlot (ekki manngert) með umhverfismarkmiðið gott vistmegin. Jafnframt kemur fram að „*Ekki er búist við að vatnshlotið geti fóstað mikið lífríki frekar en önnur vatnshlot af þessu tagi. Möguleikar lífríkis eru mjög takmarkaðir og ekki er búist við að framkvæmdir við stækkun Sigöldustöðvar muni hafa áhrif á lífríki umfram það sem orðið er.*” Þessi texti virðist eiga við fyrir vatnshlotið veituleið Sigölduvirkjunar.

Í skjalinu *Viðbót við umhverfismatsskýrslu* þarf einnig að uppfæra töflu 4.4 (bls. 23-24) m.t.t. þess að vatnshlotin hafa fengið skilgreiningu sem mikið breytt eða manngerð vatnshlot. Einnig að leiðrétta skilgreininguna á vatnshlotinu Tungnaá 3 (nr. 103-973-R), sem er skilgreint sem mikið breytt vatnshlot en ekki manngert.

Að mati Umhverfis- og orkustofnunar kemur það þó ekki að sök þó gera þurfi smávægilegar leiðréttingar á þessum töflum þar sem niðurstaðan er sú að ekki er búist við því að stækkun Sigölduvirkjunar muni hafa veruleg áhrif á lífríki eða vatnsformfræði umfram það sem orðið er.

Samantekt

Er það mat stofnunarinnar að áhrifamatið sé gert í samræmi við [leiðbeiningar](#)² um gerð áhrifamats vegna framkvæmda og starfsemi og lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Gert er ráð fyrir því að umhverfismarkmið vatnshlotanna um gott vistmegin náist þar sem ekki er búist við því að stækkun Sigölduvirkjunar muni hafa áhrif umfram það sem nú þegar er þekkt.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

² Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot (Desember 2024). Umhverfis- og orkustofnun: <https://uos.is/umhverfi/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot>



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun

Borgartúni 21
105 Reykjavík

Selfossi, 24. mars 2026
2602106HS RS

Efni: Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW, viðbótarskýrsla - umsögn um kynningu umhverfismatsskýrslu

Þann 16. febrúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um viðbótarskýrslu vegna fyrirhugaðrar stækkunar Sigöldustöðvar í Ásahreppi.

Landsvirkjun fyrirhugar að stækka Sigöldustöð og bæta við fjórðu vélinni þannig að afl stöðvarinnar fari úr 150 MW í 215 MW. Fyrirhuguð framkvæmd hefur farið í umhverfismat, en skv. úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 57/2025 var umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot ófullnægjandi. Í viðbótarskýrslunni er því fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Stækkun stöðvarinnar felur í sér að stöðvarhúsið mun lengjast um 15 m og samsvarandi 15 m breikkun verður á frárennslisskurði næst stöðvarhúsinu, en breikkun hans mun ná 160 m frá stöðvarhúsinu og minnka eftir því sem fjær dregur. Með stækkun stöðvarinnar eykst rennsli og rennslishraði í frárennslisskurðinum. Ekki er þörf á að stækka aðrennslisskurð eða inntaksmannvirki stöðvarinnar, þar sem gert var ráð fyrir fjórðu vélinni við byggingu þess.

Fjögur vatnshlot eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, Krókslón vatnshlot nr. 103-2447-L, Hrauneyjalón, vatnshlot nr. 103-2135-L, Veituleið Sigölduvirkjunar, vatnshlot nr. 103-970-R og Tungnaá 3, vatnshlot nr. 103-973-R. Í skýrslunni er fjallað um þá gæðapætti sem geta orðið fyrir áhrifum vegna stækkunarinnar í hverju vatnshloti fyrir sig og mat lagt á áhrifin. Niðurstaða áhrifamatsins er að stækkun Sigölduvirkjunar muni ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á gæðapætti vatnshlotanna umfram það sem þegar hefur orðið.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda viðbótarskýrslu fyrir téða framkvæmd og telur að hún geri nægjanlega grein fyrir umfangi og áhrifum framkvæmdarinnar á umrædd vatnshlot.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Ásahreppur

Laugalandi, 851 Hella

Sími: 487 6501 • Fax: 487 6504 • Heimasíða: asahreppur.is • Netfang: asahreppur@asahreppur.is

Húsnæðis-, mannvirkja- og Skipulagsstofnun
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Laugalandi, 27. mars 2026
2603027

Efni: Umsögn Ásahrepps, viðbót við fyrri umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar Sigölduvirkjunar

Með bréfi dags. 16. febrúar 2026 barst sveitarfélaginu beiðni um umsögn vegna viðbótar við fyrri umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar vegna stækkunar Sigölduvirkjunar. Framkvæmdin felst í stækkun virkjunarinnar þar sem fjórðu aflvélinni er bætt við en upprunaleg hönnun virkjunar gerir ráð fyrir þeim möguleika. Með framkvæmdinni er afl stöðvarinnar aukið um 65 MW, úr 150 MW í 215 MW.

Fyrirhuguð framkvæmd hefur undirgengist umhverfismat sem lauk með áliti Skipulagsstofnunar 18. desember 2023. Ásahreppur veitti framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni 19. febrúar 2025 en það leyfi var fellt úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 57/2025. Niðurstaða úrskurðarins var sú að mat og kynning á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot hefði verið ábótavant. Í viðbótarskýrslu Landsvirkjunar, sem er í kynningu og umsögn þessi snýr að, er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar stækkunar á vatnalífriki og vatnshlot. Umfjöllun um vatnalífriki er óbreytt frá umhverfismatsskýrslu fyrir stækkun Sigöldustöðvar árið 2023 þar sem engin gagnrýni kom fram í kæruférlinu varðandi þá umfjöllun. Mat á áhrifum á vatnshlot byggir á uppfærðu áhrifamati Hafrannsóknarstofnunar á vatnshlot á áhrifasvæði Sigöldustöðvar, dags 21. janúar 2026. Matið er unnið í samræmi við útgefnar leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar¹.

Í áhrifamati Hafrannsóknarstofnunar og umhverfismatsskýrslu er fjallað um áhrif á vatnshlotin Krókslón (nr. 103-2447-L), Hrauneyjalón (nr. 103-2135-L), Veituleið Sigölduvirkjunar (nr. 103-970-R) og Tungnaá 3 (nr. 103-973-R). Gerð er grein fyrir áhrifum á líffræðilega gæðapætti, eðlisefnafræðilega gæðapætti, vatnsformfræðilega gæðapætti og efnafræðilega gæðapætti. Fram kemur að vatnshlotin fjögur séu öll í opinberu ferli sem miðar að því að skilgreina þau sem mikið breytt vatnshlot og munu þau að því loknu hafa umhverfismarkmið um gott vistmegin en ekki gott vistfræðilegt ástand. Ekki er búist við því að stækkun Sigöldustöðvar muni hafa veruleg áhrif á lífríki eða vatnsformfræði umfram það sem orðið er, og talið er mjög ólíklegt er að framkvæmdin muni hafa áhrif á eðlisefnafræði í vatnshlotinu. Hugsanlegt er að rennslisaukning í veituleið Sigölduvirkjunar (nr. 103-970-R) muni hafa aukið rof í för með sér. Sem mótvægisáðgerð er gert ráð fyrir að brugðist verði við því með styrkingu bergsins ef þörf krefur. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum.

Varðandi efnafræðilegt ástand er ekki búist við því að stækkun Sigöldustöðvar muni hafa áhrif á styrk mengandi efna í vatnshlotunum, að því gefnu að mengunarvarna sé gætt á framkvæmdar- og rekstrartíma. **Í umhverfismatsskýrslu og áhrifamati vatnshlota er ekki tilgreint hvernig staðið verður að mengunarvörnum á framkvæmda- og rekstrartíma. Sveitarfélagið telur mikilvægt að gerð sé grein fyrir mengunarvörnum og til hvaða aðgerða verði gripið ef mengunarslys á sér stað.**

Sveitarfélagið gerir ekki frekari athugasemdir og telur að öðru leyti nægjanlega vel gerð grein fyrir umhverfisáhrifum á vatnshlot og aðra umhverfisþætti. Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi sveitarfélagsins.

F.h. Ásahrepps
Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri

¹ Leiðbeiningar um áhrifamat fyrir vatnshlot_Útg.1_desember 2024.pdf

HMS

b.t. Egils Þórarinssonar

Mál nr. 196/2026

Reykjavík, 7. apríl 2026.

Efni: Umsögn um viðbót við umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar Sigöldustöðvar

Með tilkynningu á Skipulagsgátt 16. febrúar 2026 var vakin athygli á viðbót við umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar Sigöldustöðvar sem Landsvirkjun hefði lagt fram til kynningar og samráðs. Tilefnið var ógilding framkvæmdaleyfis Ásahrepps, sem ekki gat byggst á umhverfismati sem var talið verulegum annmörkum háð. Úrskurðurinn er endanlegur á stjórnýslustigi og var hann kveðinn upp af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í máli 57/2025 þann 20. nóvember 2025.

Í bréfi þessu eru gerðar athugasemdir við málsmeðferð HMS en áskilinn réttur til efnisathugasemda þegar stjórnýslu málsins hefur verið komið í rétt horf. Þær yrðu fljótt á litið einkum um aðferðarfræði Hafrannsóknarstofnunar í tengslum við vatnshlot, sem talin eru manngerð og mikið breytt en hafa ekki lögformlega stöðu sem slík skv. lögum nr. 36/2011, yrði viðauki I með umhverfismatsskýrslu óbreyttur í slíkri málsmeðferð.

Lagaheimild til endurskoðunar umhverfismats er að finna í VI. kafla laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Getur framkvæmdaraðili, eða leyfisveitandi, hafi hann mótttekið umsókn um leyfi til framkvæmda, óskað álits Skipulagsstofnunar (nú HMS) á því hvort endurskoða þurfi umhverfismat framkvæmdar að hluta eða í heild, sbr. 1. mgr. 28. gr. Í samræmi við 2. mgr. 28. gr. skal HMS semja álit á þessu og í þeim tilvikum sem endurskoðun umhverfismats að hluta eða í heild fer fram, skal fara með málið skv. 21.-24. gr. laganna eftir því sem við á. Lagafyrirmæli eru bæði um að HMS skuli auglýsa með áberandi hætti álit sitt sem og að kynna það gagnvart framkvæmdaraðila og leyfisveitanda, sbr. 4. mgr. 28. gr. laganna. Hinsvegar nýtur ekki lagaheimildar til þess að bera ákvörðun HMS undir æðra stjórnvald, þ.m.t. úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, líkt og kveðið var á um í gildistið eldri laga, sbr. 12. gr. laga nr. 106/2000 um umhverfismat framkvæmda.

Ekki nýtur annarrar lagaheimildar en tilgreind er hér að ofan til þess viðbótar við umhverfismatsskýrslu og ferli umhverfismats samanstendur af öllum fimm þáttunum sem taldir eru upp í 17. gr. laga nr. 111/2021.

Ekki verður séð, að Skipulagsstofnun eða HMS hafi uppfyllt þær lagaskyldur sem vísað er til hér að ofan í tengslum við þetta mál. Leiðir af lögmatísreglu stjórnýsluréttar að HMS er ekki heimilt að hefja málsmeðferð þá til viðbótar við umhverfismatsskýrslu sem hér er lögð fram til kynningar og samráðs.

Að undangengnum lögmatum undirbúningi máls í samræmi við ofangreint, getur komið til þess að Náttúrugrið, líkt og aðrir, færi fram efnislegar athugasemdir við hinn endurskoðaða hluta umhverfismatsskýrslunnar.

Tekið er fram að samtökin telja að málsmeðferðina verði í þessu tilviki að hefja á gerð matsáætlunar skv. 21. gr. laga nr. 111/2021 enda var í matsáætlun þeirri sem Skipulagsstofnun

kvað upp úr um í álitinu sínu 12. maí 2022 ekki gert ráð fyrir mati því á áhrifum á vatn sem er umfjöllunarefni kærumáls úrskurðarnefndarinnar í máli 57/2025. Hinn verulegi annmarki verður þannig rakinn allt aftur til þess tíma. Þá þegar hafði fyrsta vatnaáætlun fyrir Íslands skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hinsvegar tekið gildi, en þau lög eru meginástæða þess að leyfi var ógilt í fyrrgreindu máli. Fyrirmæli 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021 um að matsskýrsla skuli vera „í samræmi við matsáætlun“ eru óundanþæg. Því er matsáætlun nauðsynleg eins og hér stendur á, eigi endurskoðun að geta talist lögmæt.

Samtökin vara jafnframt við því fordæmi sem hér sýnist vera sett, um að víkja frá stjórnskipulega settum lögum. Þær málsmeðferðarreglur sem lög nr. 111/2021 geyma eru jafnframt þær sem almenningur og samtök hans geta einna helst reitt sig á við gæslu almannahagsmuna þeirra sem þeim eru falin með þeim lögum og tryggð eru með aðild Íslands að Árósasamningum. Við framkvæmdir í þjóðlendu eins og hér um ræðir er gæsla þeirra almannahagsmuna enn brýnni en ella. Frávik frá lögum verða að vera réttlætt og að mati samtakanna á slíkt ekki við í þessu tilviki.

Þá taka samtökin fram, að um fleiri en einn leyfisveitanda er að ræða, því Orkustofnun veitti hinn 12. september 2024 leyfi til stækkunar Sigöldustöðvar. Á þeirri ákvörðun eru sömu ógildingarannmarkar og voru á hinu ógilta framkvæmdaleyfi Ásahrepps. Því er Umhverfis- og orkustofnun skylt að fella leyfi sitt úr gildi. Meðfylgjandi er afrit af bréfi samtakanna í dag til þeirrar stofnunar þar sem þessu eru gerð nánari skil.

Virðingarfyllt,



Snæbjörn Guðmundsson, formaður Náttúrugriða

Umhverfis- og orkustofnun

Reykjavík, 7. apríl 2026.

Efni: Niðurfelling virkjunarleyfis fyrir stækkun Sigöldustöðvar vegna annmarka umhverfismats

Hinn 12. september 2024 veitti Orkustofnun leyfi til stækkunar Sigöldustöðvar sem forsendur eru nú brott fallnar fyrir eins og rakið er í eftirfarandi.

Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála hinn 20. nóvember 2025 í máli 57/2025 var framkvæmdaleyfi Ásahrepps vegna stækkunar Sigöldustöðvar felld úr gildi. Réðst sú niðurstaða af því að í umhverfismati „hafi falist verulegur annmarki á ferli umhverfismats sem geri að verkum að sá þáttur þess sem fjallar um áhrif framkvæmdarinnar á vatn verði ekki lagður til grundvallar og því verði að fella hin kærðu ákvörðun úr gildi“. Úrskurður þessi hefur ekki verið borinn undir dómstóla.

Í febrúar sl. var kynnt á Skipulagsgátt hugmynd að viðbótarumhverfismati fyrir stækkun Sigölduvirkjunar. Sú hugmynd byggir ekki á heimild í lögum en um málsmeðferð við endurskoðun umhverfismats er mælt fyrir í VI. kafla laga nr. 111/2021.

Ekki verður ráðið af upplýsingum á vef Umhverfis- og orkustofnunar að fyrrgreint virkjunarleyfi hafi verið felld úr gildi, þó slíkt séu rökrétt viðbrögð við úrskurði í fyrrgreindu stjórnslumáli í samræmi við almennar reglur stjórnsluréttar, sbr. og til hliðsjónar niðurstaða Hæstaréttar Íslands í málum 796/2015 og 11/2025 um ógildingu leyfa skv. raforkulögum.

Annmarkar þeir á umhverfismati stækkunar Sigölduvirkjunar sem æðra stjórnvald hefur nú staðreynt varða innanlandslöggjöf sem sett er til innleiðingar á tilskipunum ESB sem eru hluti EES-samningsins. Með vísan til 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993 sbr. 3. gr. EES-samningsins er Umhverfis- og orkustofnun sem stjórnvaldi „skylt að gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af [EES-samningnum leiða]“.

Athafnaleysi Umhverfis- og orkustofnunar til niðurfellingar umrædds virkjunarleyfis líta samtökin svo á að varðað geti við ofangreindar skuldbindingar hvar varðar þátttöku almennings í ákvörðunum er veruleg áhrif hafa á umhverfið. Áskilja samtökin sér rétt til að bera eftir atvikum ákvörðun eða athafnaleysi stofnunarinnar undir æðra stjórnvald á grundvelli ofangreindra skuldbindinga ríkisins sbr. og 9. gr. Árósasamningsins.

Svar óskast við erindi þessu eigi síðar en 7. maí 2026.

Virðingarfyllt,



Snæbjörn Guðmundsson, formaður Náttúrugriða